



## Alþýðusamband Íslands

### Vinnustaðaskírteini á íslenskum vinnumarkaði

Við gerð kjarasamninganna á almennum vinnumarkaði í febrúar 2008 var gerð sérstök bókun á milli Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um vinnustaðaskírteini. Hugmyndin að baki vinnustaðaskírteina er tvíþætt. Að auðvelda eftirlit með að starfsmenn njóti þeirra kjara og réttinda sem þeim ber og koma í veg fyrir ólöglega starfsemi á íslenskum vinnumarkaði.

Í framhaldi af bókuninni hófst undirbúningur undir upptöku vinnustaðaskírteinanna af hálfu ASÍ og SA. Skrifaður hefur verið hugbúnaður til að halda utan um þær upplýsingar sem eftirlitsfulltrúar stéttarfélagana/aðila vinnumarkaðarins munu safna í vinnustaðaheimsóknnum sínum og samráð hefur verið haft við þá opinberu aðila sem málið varðar helst s.s. skattayfirvöld og Vinnumálastofnun um samstarf varðandi framkvæmd og eftirfylgni.

### Lagagrundvöllur treystur

Í viðræðunum um gerð stöðugleikasáttmálans sl. vor var af hálfu ASÍ og SA lögð áhersla á virka aðkomu stjórnvalda að málinu og þar með að vinnustaðaskilríkjunum og vinnustaðaeftirlitinu yrði gefin traustur lagalegur grundvöllur. 13. grein sáttmálans hljóðar svo:

#### **Samstarf um eftirlit á vinnumarkaði og vinnustaðaskírteini**

*Aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld taki upp virkt samstarf um eftirlit á vinnustöðum og vinnustaðaskírteini í samræmi við bókun ASÍ og SA frá 17. febrúar 2008. Markmiðið með slíku samstarfi er m.a. að tryggja að starfsmenn njóti umsaminna réttinda og vinna gegn svartri atvinnustarfsemi og misnotkun atvinnuleysisbóta. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir nauðsynlegum lagabreytingum um almennt eftirlit á vinnustöðum og vinnustaðaskírteini.*

Sl. haust hófst vinna við löggjöf um vinnustaðaskilríki sem á að tryggja skyldu fyrirtækja á íslenskum vinnumarkaði, bæði innlendra og erlendar, til að gefa út vinnustaðaskilríki til starfsmanna sinna og heimild fulltrúa stéttarfélaganna/aðila vinnumarkaðarins til að kalla eftir slíkum skírteinum við eftirlit út á vinnustöðunum. Jafnframt hefur verið unnið að gerð samkomulags á milli ASÍ og SA um nánari útfærslu og framkvæmd slíks eftirlits.

### Helstu efnisatriði væntanlegrar löggjafar og samkomulags aðila vinnumarkaðarins

Nú liggja fyrir drög að lagafrumvarpi ásamt drögum að samkomulagi á milli ASÍ og SA. Þótt efnið sé ekki að fullu frágengið liggur það fyrir í öllum helstu atriðum. Samkvæmt því munu vinnustaðaskilríkin verða tekin í notkun í áföngum og verður byrjað á byggingariðnaði og mannvirkjagerð og hótél og veitingastarfsemi. Aðrar atvinnugreinar munu síðan fylgja í kjölfarið. Til að byrja með verður fyrirtækjum

heimilt að nota vinnustaðaskírteini sem þau hafa þegar tekið í notkun fyrir starfsmenn sína, enda uppfylli þau skilyrði sem um þau verða sett. Í vinnustaðaskírteini skal koma fram nafn og kennitala atvinnurekanda eða annað auðkenni hans, nafn og kennitala viðkomandi starfsmanns ásamt mynd af starfsmanni. Þegar um er að ræða erlent fyrirtæki sem sendir starfsmenn tímabundið til starfa hér á landi skal jafnframt koma fram nafn fyrirsvarsmanns atvinnurekanda og heimilisfang í heimaríki. Þá er gert ráð fyrir því að í framtíðinni muni starfsheiti koma fram á vinnustaðaskírteinunum.

Atvinnurekanda og starfsmönnum hans verður skylt að hafa vinnustaðaskírteinin á sér við störf sín á vegum atvinnurekanda.

Einnig kemur fram að eftirlitsfulltrúum stéttarfélaganna/aðila vinnumarkaðarins skuli veittur aðgangur að vinnustöðum vegna eftirlitsheimsókna þeirra til að ganga úr skugga um að atvinnurekandi starfi í samræmi við lög, reglugerðir og gildandi kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins. Í þessum heimsóknum geta eftirlitsmenn krafist tiltekinna upplýsinga ef tilefni er talið til þess.

Eftirlitsfulltrúar samtaka aðila vinnumarkaðarins skulu senda upplýsingar þær sem fram koma á vinnustaðaskírteini til þeirra opinberu stofnana sem málið varðar til að unnt sé að kanna hvort atvinnurekandi eða starfsmaður starfi í samræmi við hlutaðeigandi lög sem hverri stofnun er ætlað að annast framkvæmd á. Þá verður einnig kveðið á um eftirfylgni með vinnustaðaæftirlitinu og viðurlög við brotum á framkvæmd laganna.

## **Framhaldið**

Eins og áður segir er þess vænst að löggjöf um vinnustaðaskírteinin og samkomulag ASÍ og SA verði tilbúin sem fyrst og að hægt verði að hrinda verkefninu í framkvæmd í framangreindum atvinnugreinum á fyrstu mánuðum næsta árs.

Til að auðvelda fyrirtækjum sem ekki hafa þegar tekið upp vinnustaðaskírteini, munu ASÍ og SA opna sérstakan vef, þar sem hægt verður að sækja fyrirmynd að slíkum skírteinum og setja inn viðeigandi upplýsingar. Á vefnum verður einnig að finna ýmsar upplýsingar er varða löggjöfina, samkomulag ASÍ og SA, hverjir eru viðurkenndir eftirlitsfulltrúar aðila, o.fl.

ASÍ og SA munu ásamt stjórnvöldum kynna væntanlega löggjöf og þær skyldur sem hún mun leggja á atvinnurekendur og starfsmenn þeirra þegar kemur að framkvæmdinni.

Samkvæmt samkomulagi aðila er síðan gert ráð fyrir því að settur verði sérstakur staðall um vinnustaðaskírteini á íslenskum vinnumarkaði. Starfsheiti viðkomandi verði eitt af því sem þar á að koma fram. Vinna við þessa staðlagerð mun hefjast á næsta ári.

Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ